



Öldrunarráð Íslands

# Ársskýrsla

Starfsárið 2017 - 2018



# INNGANGUR AÐ ÁRSSKÝRSLU

Öldrunarráð Íslands var stofnað 21. október 1981.

Rétt eins og síðustu ár, hefur stjórn Öldrunarráðs Íslands ákveðið að viðhalda þeim góða sið að gefa út formlega ársskýrslu eftir hvert starfsár.

Fjallað er um helstu þætti í starfinu á árinu 2017-2018 sem vonandi gefa lesendum góða innsýn í starf Öldrunarráðs Íslands. Til frekari upplýsingar skal bent á heimasíðu Öldrunarráðs, [www.öldrunarrad.is](http://www.öldrunarrad.is) en þar er einnig að finna nokkrar eldri ársskýrslur.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum, félagsaðilum og öðrum sem tekið hafa þátt í starfi Öldrunarráðs, fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á starfsárinu 2017-2018.

Anna Birna Jensdóttir  
formaður Öldrunarráðs Íslands

## AÐALFUNDUR ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2018

**Fimmtudaginn 17. maí 2017**

**Kl. 14:00-16:00**

**Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, Sóltúni 2, Reykjavík**

### **Dagskrá:**

1. Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum ráðsins
2. Afhending viðurkenningar Öldrunarráðs
3. Önnur mál

Kaffihlé

4. Inga Valgerður Kristinsdóttir sérfræðingur í heimahjúkrun hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins kynnrir fyrstu niðurstöður IBenC könnunarinnar



Öldrunarráð Íslands

Sóltúni 2, 105 Reykjavík

Sími: 590 6003 ■ oldrunarrad@oldrunarrad.is

# STJÓRN ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2017-2018

## **Anna Birna Jensdóttir**

annabirna@oldrunarrad.is  
Vinnusími: 590 6000

## **Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir**

gudlaugjona@arborg.is  
Vinnusími: 480 1900

## **Sigrún Ingvarsdóttir**

sigrun.ingvarsdottir@reykjavik.is  
Vinnusími: 411 1500

## **Ragnhildur G. Hjartardóttir**

ragnhildur.hjartardottir@mork.is  
Vinnusími: 560 1703

## **Fanney Helga Friðriksdóttir**

fanben@simnet.is  
Vinnusími: 411 2760

## **Ingibjörg Þórisdóttir**

ingibjorgtho@gmail.com  
GSM: 893 5135

## **Ólafur Þór Gunnarsson**

olithor@landspitali.is  
Vinnusími: 543 1000

## **Janus Guðlaugsson**

janus@janusheilsuefling.is  
Vinnusími: 8980786

## **Haukur Ingibergsson**

8haukur8@gmail.com  
Vinnusími: 895 6100

## **Inga Huld Tryggvadóttir**

oldrunarrad@oldrunarrad.is

## **formaður**

frá Félagi Íslenskra hjúkrunarfræðinga  
Öldrunarráð Íslands,  
Sóltúni 2, 105 Reykjavík

## **varaformaður**

frá Sveitarfélaginu Árborg  
Félagsþjónusta Árborgar  
Austurvegi 2, 800 Selfossi

## **gjaldkeri**

frá Reykjavíkurborg  
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis  
Efstaleiti 1, 103 Reykjavík

## **ritari**

frá Hjúkrunarheimilinu Mörk  
Mörk, hjúkrunarheimili  
Suðurlandsbraut 66, 108 Reykjavík

## **meðstjórnandi**

frá Alþýðusambandi Íslands  
Félagliði þjónustuþáttum aldraðra  
Norðurbrún 1, 104 Reykjavík

## **meðstjórnandi**

frá Félagi stjórnenda í öldrunarþjónustu

## **meðstjórnandi**

frá Öldrunarfræðafélagi Íslands  
Landspítali Háskólasjúkrahús  
101 Reykjavík

## **meðstjórnandi**

frá Sjómannadagsráði, Hrafnistuheimilunum  
Janus heilsuefling  
225 Garðabæ

## **meðstjórnandi**

frá Landssambandi eldri borgara  
Sigtún 42, 105 Reykjavík

## **starfsmaður Öldrunarráðs Íslands**

Sími: 590 6003

# Aðildarfélag Öldrunarráðs Íslands 2017-2018

Akureyrarkaupstaður  
Alþýðusamband Íslands  
Alzheimersamtökin  
Biskupsstofa  
Blindrafélagið  
Dvalarheimilið Ás  
Félag heyrnarlausra  
Félag íslenskra  
hjúkrunarfræðinga  
Félag íslenskra  
öldrunarlækna  
Félag sjúkraþjálfara í  
öldrunarþjónustu  
Félag stjórnenda í  
öldrunarþjónustu

Grund, dvalar- og  
hjúkrunarheimili  
Hafnafjarðarkaupstaður  
Iðjuþjálfafélag Íslands  
Ísafold  
Kópavogsbær  
Kvenfélagasamband Íslands  
Landssamband eldri borgara  
Landssamtök lífeyrissjóða  
Mörk, hjúkrunarheimili  
Rauði kross Íslands  
Samband íslenskra  
sveitarfélaga  
Samtök atvinnulífsins  
Samtök starfsmanna  
fjármálafyrirtækja

Samtökin 78  
Sálfræðingafélag Íslands  
Sjómannadagsráð &  
Hrafnista  
Skjól, hjúkrunarheimili  
Sóltún, hjúkrunarheimili  
Sveitarfélagið Árborg  
Sveitarfélagið Skagafjörður  
Tryggingastofnun ríkisins  
Uppsálar, dvalarheimili  
aldraðra  
Velferðarsvið  
Reykjavíkurborgar  
Öldrunarfræðafélag Íslands  
Öryrkjabandalag Íslands

## STJÓRN ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2017-2018



Efri röð frá vinstri: Haukur Ingibergsson, Ragnhildur G. Hjartardóttir, Anna Birna Jensdóttir, Sigrún Ingvarsdóttir og Fanney Helga Friðriksdóttir. Neðri röð frá vinstri: Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir og Ingibjörg Halla Þórisdóttir. Á myndina vantar Janus Guðlaugsson og Ólaf Þór Gunnarsson.

## Aðalfundur Öldrunarráðs Íslands haldinn í Sóltúni föstudaginn 19. maí 2017

Anna Birna, formaður Öldrunarráðs, setti fundinn og bauð aðalfulltrúa velkomna og tók fram að fundurinn er sýndur í beinni útsendingu í húsi Sóltúns.

Fundarstjóri var kjörinn Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir og fundarritari Ragnhildur G. Hjartardóttir.

Fundarstjóri tók til máls og lýsti fundinn löglega boðaðan og löglega settan.

Dagskrá:

1. Nafnakall – lesin upp kjörbréf.
2. Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum ráðsins.
  - a) Ársskýrsla Öldrunarráðs lögð fram fyrir starfsárið 2016-2017 sem jafnframt er skýrsla stjórnar. Formaður fór yfir helstu atriði úr starfi stjórnar starfsárið 2016-2017.
  - b) Ársreikningar Öldrunarráðs fyrir starfsárið lagðir fram. Sigrún Ingvarsdóttir, gjaldkeri, gerði grein fyrir ársreikningum. Skýrsla stjórnar og reikningar Öldrunarráðs bornir upp til atkvæða og samþykktir samhljóða.
  - c) Efnahagsreikningur Rannsóknarsjóðs lagður fram, samþykktur.
  - d) Fjárhagsáætlun 2017-2018 lögð fram, samþykkt.
  - e) Kosning stjórnar. Allir stjórnarmeðlimir gefa kost á sér til áframhaldandi setu, samþykkt.
  - f) Kosning endurskoðenda. Linda Baldursdóttir og Stefán Ólafsson gefa kost á sér áfram, samþykkt.
  - g) Fyrirspurnir og athugasemdir.

Athugasemd kom um lágar styrkuppþæðir úr rannsóknarsjóði þar sem ekki má skerða stofnfé sjóðsins og einungis er leyfilegt að nota vexti og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að áskotnast til styrkveitinga. Því beint til stjórnar Öldrunarráðs að finna tekjuleiðir til að efla rannsóknarsjóðinn enda sé hann flaggskip Öldrunarráðs.

Spurt um aðildargjöld og hvort til standi að hækka þau? Umræða hefur verið í stjórn Öldrunarráðs um að tengja aðildargjöld stærð aðildarfélaga og verður þeirri umræðu fylgt eftir á komandi starfsári. Þá kom tillaga um að tengja mætti aðildargjöldin vísitölu.
3. Afhending viðurkenningar öldrunarráðs.

Anna Birna afhendir viðurkenningu Öldrunarráðs. Að þessu sinni bárust 12 tilnefningar. Eftir að hafa fjallað um tilnefningarnar varð niðurstaðan að í ár hlýtur Dr. Margrét Gústafsdóttir, hjúkrunarfræðingur, viðurkenningu fyrir gott og

óeigingjarnt ævistarf í þágu aldraðra. Margrét veitti viðurkenningunni móttöku og þakkaði fyrir sig.

Kaffihlé

4. Önnur mál

Kynning á niðurstöðum könnunarinnar „Greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi 2016“ sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Benedikt Gíslason, verkefnastjóri hjá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, fór yfir niðurstöður könnunarinnar og óhætt að segja að þær eru mjög áhugaverðar. Niðurstöðurnar eru opnar öllum og hægt er að sjá þær í heild sinni á vef Velferðarráðuneytisins <https://www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Hagir-eldri-borgara-2016.html>

Fundi slitið kl.16:10

Ragnhildur G. Hjartardóttir

# HELSTU ATRIÐI ÚR STARFI ÖLDRUNARRÁÐS 2017-2018

## Viðurkenning Öldrunarráðs 2017

Starfsár Öldrunarráðs Íslands 2017-2018 hófst á aðalfundi ráðsins 19. maí 2017. Á aðalfundi veitir Öldrunarráð árlega sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka sem þykja hafa unnið gott og óeigingjarnt starf að málefnum aldraðra.

Eftir að hafa fjallað um tilnefningarnar varð niðurstaðan að í ár hlýtur Dr. Margrét Gústafsdóttir, hjúkrunarfræðingur, viðurkenningu fyrir gott og óeigingjarnt ævistarf í þágu aldraðra. Margrét veitti viðurkenningunni móttöku og þakkaði fyrir sig.



Að þessu sinni kom engin tilnefning um fyrirtæki með framúrskarandi stefnu varðandi starfslok starfsmanna.

## Samstarfsnefnd um málefni aldraðra

Öldrunarráð Íslands á fulltrúa í Samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Aðalmaður er Anna Birna Jendóttir og varamaður Haukur Ingibergsson. Engir fundir voru boðaðir í nefndinni á starfsárinu.

## Ný aðildarfélög

Á starfsárinu gekk eitt nýtt aðildardélag í Öldrunarráð Íslands. Það er Félag heyrnarlausra 55+ og eru þau boðin hjartanlega velkomin.



## Framtíðarþing um farsæla öldrun - Ísafirði

Fyrsta stóra verkefni Öldrunarráðs á starfsárinu var Framtíðarþing um farsæla öldrun í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði sem haldið var miðvikudaginn 13. september 2017 kl. 15.00-18.30 var. Þingið var samvinnuverkefni Öldrunarráðs Íslands, Landsambands eldri borgara og sveitarfélaganna Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps. Af hálfu heimamanna hafði Sædís María Jónatansdóttir deildarstjóri í félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar veg og vanda að undirbúningi þingsins.

Þingstjóri var Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun ehf. Þingið var með sama sniði og sambærileg þing sem Öldrunarráð gekkst fyrir, í Reykjavík í mars 2013, á Akureyri í maí 2015 og á Selfossi í nóvember 2015. Leitast var við að skapa vettvang fyrir þá sem koma að öldrunarmálum, vilja stuðla að uppbyggilegri umræðu um málefni aldraðra og skiptast á skoðunum um það hvernig samfélag við viljum búa eldri kynslóðum landsins. Markmið framtíðarþingsins á Vestfjörðum var að sama skapi að miðla upplýsingum og viðhorfum eldri borgara til stjórnvalda um það hvernig aldraðir sjá framtíðina fyrir sér og skapa leiðbeiningar til stjórnvalda hvernig aldraðir líta mál sín til framtíðar. Jafnframt að heyra sjónarmið og áherslur Vestfirðinga á þinginu og hvort áherslumunur sé t.d. á lífsviðhorfum milli landshluta.

Fundarfyrirkomulag byggði á sömu hugmyndafræði og notuð var á Þjóðfundunum sem haldnir voru í Reykjavík árin 2009 og 2010. Unnið var á sjö 8-9 manna borðum og á hverju borði var borðstjóri en hans hlutverk var að sjá til þess að allir við borðið fengju jöfn tækifæri til að tjá sig og að tryggja virka hlustun þannig að öll sjónarmið kæmust að. Þátttakendur Framtíðarþingsins á Ísafirði voru 59 talsins. Skýrslu frá málþinginu má finna á slóðinni: [https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefifEfni/Felagsmal/Skyrslur/malthing\\_um\\_farsaela\\_oldrun.pdf](https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefifEfni/Felagsmal/Skyrslur/malthing_um_farsaela_oldrun.pdf)





## Um Rannsóknasjóð Öldrunarráðs Íslands

Sjóðurinn hefur verið starfræktur um langt skeið en aðalhvatamaður að stofnun hans var Gísli heitinn Sigurbjörnsson, forstjóri hjúkrunarheimilisins Grundar. Rannsóknasjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við bakið á rannsóknum í öldrunarmálum á Íslandi auk sérstakra verkefna annarra í málaflokknum, sem stjórn sjóðsins metur til þess fallin hverju sinni.

### Styrkir Rannsóknasjóðs Öldrunarráðs

Þann 9. nóvember 2017 veitti stjórn Öldrunarráðs Íslands þrjá styrki að upphæð 200 þúsund hvern til rannsóknarverkefna á sviði öldrunarmála. Öldrunarráð veitir árlega styrki sem næst afmælisdegi Gísla Sigurbjörnssonar.



Steinunn A. Ólafsdóttir, doktorsnemi á Heilbrigðisvísindasviði H.Í., vegna verkefnisins „Könnun á færni og líðan einstaklinga sem hafa fengið heillaslag og búa í heimahúsum, um þjónustu sem þeir fá og áhugahvöt til hreyfingar“.



Arnrún Halla Arnórsdóttir, hjúkrunarfræðingur og doktorsnemi í Hagnýtri siðfræði við H.Í., vegna verkefnisins „Gildi samhygðar í hjúkrun með tengingu við mannlega reisn – ný nálgun að því hvernig hægt er að nota samhygð til að tryggja gæði meðferðarsamskipta milli hjúkrunarfræðinga og sjúklinga, með áherslu á umönnun einstaklinga með heilabilun“.



Vala Valsdóttir, doktorsnemi í taugasálfræði, vegna verkefnisins „Hugræn öldrun meðal aldara á Íslandi“.

Á myndinni eru frá vinstri: Anna Birna Jensdóttir, formaður Öldrunarráðs Íslands, Vala Valsdóttir styrkþegi og Brynja Björk Magnúsdóttir leiðbeinandi hennar.

## **„Rokkað inná efri ár - Nýjar forvarnaleiðir“ Ráðstefna fimmtudaginn 15. febrúar 2018 Grand hótél Reykjavík**

<b>13:00</b>	<b>Ráðstefna sett Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir varaformaður Öldrunarráðs Íslands Ávarp Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra</b>
<b>13:15-13:30</b>	<b>Aldursvænar borgir. Guðrún Ágústsdóttir formaður Öldungaráðs Reykjavíkur</b>
<b>13:30-13.45</b>	<b>Endurhæfing í heimahúsi. Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir verkefnissjóri Reykjavík</b>
<b>13:45-14:00</b>	<b>Fjölpætt heilsurækt í sveitarfélögum Dr. Janus Guðlaugsson íþróttifræðingur</b>
<b>14:00-14:15</b>	<b>Samhæfing þjónustu. Kolbeinn Pálsson íþróttá- og ólympíusambandi Íslands Sumbadans – Hléæfing og hressing</b>
<b>14:30-14:45</b>	<b>Væntumhyggja í verki. Hildur Aðalbjörg Ingadóttir sjúkráþjálfari Borgarnesi</b>
<b>14:45-15:00</b>	<b>Heilsuefling, Digi Rehab í heimahúsi, verkefni sem slegið hefur í gegn í dönskum sveitarfélögum. Ásdís Halldórsdóttir íþróttifræðingur Sóltúni Heima</b>
<b>15:00-15:15</b>	<b>Gildi hugræktar í öldrunarþjónustu. Elísabet Gísladóttir djákni</b>
<b>15:15–15:30</b>	<b>Ástand og horfur í öldrunarþjónustu frá sjónarhóli Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur</b>
<b>Ráðstefnulok</b>	<b>Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Landsambands eldri borgara</b>
<b>Ráðstefnustjóri</b>	<b>Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri Rangárpings eystra og fyrirverandi alþingismaður</b>

**Ráðstefna er öllum opin og aðgangur frír.**

## Rokkað inná eftir ár – Nýjar forvarnarleiðir

Öldrunarráð Íslands stóð ásamt Landsambandi eldri borgara og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands fyrir opinni ráðstefnu á Grand hóteli 15. febrúar 2018. Flytja þurfti ráðstefnuna í stærri sal, en vel á annað hundrað manns tóku þátt. Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir varaformaður Öldrunaráðs setti ráðstefnuna og síðan flutti Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra ávarp. Framsögur voru hver annarri áhugaverðari eins og sjá má hér í dagskránni. Dansaður var sumbadans í hléi til að hressingar. Boðskapurinn var um gildi hreyfingar og hollustu og mikilvægi þess að eldast vel.

Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sátu: Anna Birna Jensdóttir frá Öldrunarráði Íslands, Kolbeinn Pálsson frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir frá Landssambandi eldri borgara. Ráðstefnan var tekin upp og er aðgengileg á YouTube.



## Um fundi stjórnar á starfsárinu

Líkt og undanfarin starfsár ákvað stjórnin að hefja veturinn á því að halda stefnumótunarfund og var hann haldinn í Reykjavík að þessu sinni. Lögð voru drög að dagskrá vetrarins, m.a. um Framtíðarþing um farsæla öldrun á Vestfjörðum, og að fylgja úr hlaði ráðstefnunni „Aldrei og seint“. Heilsuefning eldri aldurshópa sem haldin var í mars 2017. Ákveðið var að standa fyrir framhalds ráðstefnu í ársbyrjun 2018 sem síðar fékk yfirskriftina „Rokkað inná efri ár“ Nýjar forvarnarleiðir.

Auk stefnumótunarfundar, fundaði stjórn Öldrunarráðs alls 5 sinnum á starfsárinu. Á fundum stjórnar eru jafnan miklar umræður um ýmis mál sem efst eru á baugi þá stundina hvað varðar málefni aldraðra, auk þess sem gestir koma á fundina.

## Kynningarmál

Heimasíða Öldrunarráðs er [www.öldrunarrad.is](http://www.öldrunarrad.is) og fésbókarsíða ráðsins er jafnframt notuð til upplýsingamiðlunar. Aukinn áhugi er frá aðildarfélögum og öðrum að streymt sé frá ráðstefnum og að efni þeirra sé gert aðgengilegt með upptökum. Stjórn hefur skoðað þessi mál og voru ráðstefnurnar „Aldrei of seint“ og „Rokkað inná efri ár“ teknar upp. Upptaka „Rokkað inná efri ár“ hefur að geyma mikið gagnamagn sem hefur valdið fólki erfiðleikum og hefur ekki öllum tekist að opna upptökuna á YouTube. Unnið er að því að skoða aðra hýsingarmöguleika.



## Alþjóðleg ráðstefna um öldrunarmál á Íslandi

Eitt af markmiðum Öldrunarráðs er að taka þátt í erlendum samskiptum við tengda aðila. Öldrunarráði Íslands hefur borist boð um að taka þátt í að bjóða Ísland sem gestgjafa til að halda alþjóðlega ráðstefnu í samvinnu við Meet in Reykjavík. Um er að ræða ráðstefnuna IFA Global Conference on Ageing. Ákveðið var að bjóða árið 2022 en þessi ráðstefna er haldin á vegum samtakanna International Federation of Ageing. Nánari upplýsingar um samtökin International Federation of Ageing má finna á vefsíðu samtakanna <http://www.ifa-fiv.org/>

## LÖG ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS

Endurrituð og breytt á aðalfundi 23. maí 2012

### 1.gr.

Aðilar sem láta sig málefni aldraðra varða mynda Öldrunarráð Íslands. Heimil þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2.gr.

Markmið Öldrunarráðs er að bæta lífsgæði og stöðu aldraðra. Tilgangi sínum hyggst ráðið ná með því að :

- a) Stuðla að samræmdri grundvallarstefnu í málefnum aldraðra og framgangi hennar.
- b) Koma fram fyrir hönd aðila sinna eftir því sem við á.
- c) Standa að ráðstefnum og námskeiðum og beita sér fyrir almennri upplýsinga – og fræðslustarfsemi um málefni aldraðra.
- d) efla rannsóknir varðandi málefni aldraðra með starfsemi sérstaks rannsóknasjóðs, en um hann gildir sérstök skipulagsskrá.
- e) aðstoða aðila sína við skipulag verkefna og framkvæmd
- f) veita árlega viðurkenningu til einstaklings , stofnunar eða félagasamtaka fyrir framúrskarandi mál, starf eða verkefni í þágu málefnis aldraðra.
- g) annast samskipti við tengda aðila erlendis.

### 3.gr.

Aðilar að Öldrunarráði Íslands geta orðið :

- 1) Opinberir aðilar og aðrir þeir aðilar sem láta sig málefni aldraðra varða.
- 2) stofnanir sem vinna að öldrunarmálum og
- 3) félög og samtök sem á einhvern hátt snerta málefni aldraðra.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands afgreiðir aðildarumsóknir.

### 4.gr.

Styrktarfélagar geta orðið einstaklingar og félög sem ekki falla undir ákvæði í 3. gr. Þeir eiga rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti.

5.gr.

Árgjöld til ráðsins greiða aðilar í einhverjum eftirtalinna flokka:

- a) gjöld er veita rétt til þriggja fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
- b) gjöld er veita rétt til eins fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
- c) gjöld styrktarfélagi samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Aðilar að Öldrunarráði geta sent fleiri á aðalfund en þá sem atkvæðisrétt hafa.

Tillögur um árgjöld ásamt fjárhagsáætlun skal stjórn ráðsins leggja fyrir aðalfund.

Gjalddagi árgjalda er 10.júlí. Aðildarfélög sem skulda árgjöld tveggja ára falla út af aðildaskrá.

6.gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

7.gr.

Aðalfund skal að jafnaði halda í maí ár hvert og fer hann með æðsta vald Öldrunaráðs Íslands.

Rétt til setu á aðalfundi eiga fulltrúar og þeir aðrir sem stjórnin býður, svo sem fyrrverandi stjórnarmenn.

Aðalfund skal boða skriflega með a.m.k. hálfmánaðar fyrirvara og er hann löglegur sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar:

1. Nafnakall fulltrúa með atkvæðisrétt.
2. Lögð fram skýrsla stjórnar og nefnda um starfsemi ráðsins ásamt endurskoðuðum reikningum þess.
3. Skýrsla Rannsóknasjóðs lögð fram.
4. Lögð fram tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs og aðildargjöldum.
5. Lagabreytingar.
6. Lagðar fram tillögur/ eða ályktanir er borist hafa.
7. Kosning formanns, annarra stjórnarmanna og endurskoðenda.
8. Önnur mál.



#### 8.gr.

Aðalfundur kýs 9 manna stjórn Öldrunarráðs Íslands .

Kjörgengir eru þeir einir sem tilnefndir eru til setu á aðalfundi af aðilum Öldrunarráðs.

Kjörtímabil stjórnarmanna er 3 ár og er formaður kosinn sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Endurkosning formanns og stjórnar er heimil í tvö skipti.

Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara og skulu þeir kosnir til þriggja ára.

#### 9.gr.

Hlutverk stjórnar Öldrunarráðs Íslands er að annast málefni ráðsins milli aðalfunda.

Stjórninni er heimilt að ráða starfsmann.

Skylt er að kveðja til fundar ef 1/3 hluti félagsmanna óskar þess , sbr.5. gr. eða ef 2 stjórnarmenn æskja þess skriflega , enda sé fundarefni tilgreint.

#### 10.gr.

Öldrunarráð hefur til ráðstöfunar sjóð til eflingar rannsókna í Öldrunarmálum , Rannsóknasjóð Öldrunarráðs Íslands. Rekstur sjóðsins er á ábyrgð stjórnar Öldrunarráðs sem leggur mat á styrkbeiðnir. Starfsemi sjóðsins er byggð á skipulagsskrá sem samþykkt var á aðalfundi Öldrunarráðs 15. október 1992 og verður henni einungis breytt á aðalfundi.

#### 11.gr.

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn fyrir 1. apríl og skal hún senda þær með fundaboði. Til lagabreytinga þarf samþykkt 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

#### 12.gr

Tillögu um að leggja Öldrunarráð niður er eingöngu hægt að leggja fyrir aðalfund og skal hún berast stjórn fyrir 1. febrúar. Verði tillagan samþykkt með  $\frac{3}{4}$  hlutum atkvæða á aðalfundi , enda sitji a.m.k.  $\frac{3}{4}$  hlutar atkvæðisbærra fulltrúa fundinn skal halda aukaaðalfund innan þriggja mánaða til endanlegrar ákvörðunar. Verði samþykkt að leggja Öldrunarráð niður með  $\frac{3}{4}$  hlutum atkvæða á aukaaðalfundi , skal fundurinn ákveða hvernig skuli ráðstafa eignum Öldrunarráðs. Þá skal taka sérstaklega ákvörðun um það hver skuli taka að sér rekstur og úthlutun styrkja úr rannsóknasjóði.

## Skipulagsskrá Rannsóknasjóðs Öldrunarráðs Íslands

1.gr.

Sjóðurinn heitir Rannsóknasjóður Öldrunarráðs Íslands.

2.gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Öldrunarráðs Íslands 27. september 1991 með gjöf frá Líknarsjóði Íslands að fjárhæð kr.822.507,10 átta hundruð tuttugu og tvö þúsund fimm hundruð og sjö krónur og tíu aurar. Auk þess telst til stofnfjár gjöf frá Öldrunarráði Íslands að fjárhæð kr.200.000,- tvö hundruð þúsund krónur. Stofnfé sjóðsins telst vera kr.1.022.507.10-ein milljón tuttugu og tvö þúsund fimm hundruð og sjö krónur og tíu aurar.

3.gr.

Tekjur sjóðsins eru önnur framlög, gjafir og áheit sem honum kunna að berast, vextir auk tekna af fjáröflun, sem stjórn sjóðsins efnir til.

4.gr.

Allar gjafir, framlög og áheit skal færa í sérstaka gjafabók.

5.gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og önnur þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.

Úthlutað er úr sjóðnum 29. október ár hvert, fyrsta sinn 1993. Umsóknarfrestur um styrkveitingar er til 1.júlí ár hvert. Auglýsa skal eftir styrkbeiðnum með tveggja mánaða fyrirvara.

6.gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða meðan sjóðurinn starfar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að áskotnast má nota samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

7.gr.

Stjórn sjóðsins er stjórn Öldrunarráðs Íslands á hverjum tíma og varsla sjóðseigna í hennar höndum.

8.gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera hið sama og annarra reikninga Öldrunarráðs Íslands og endurskoðendur þeir sömu og annast endurskoðun reikninga Ö.Í.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn þar sem bókaðar eru allar kvarðanir sjóðsstjórnar og annað varðandi sjóðinn, þ.á.m. niðurstöður reikninga hans.

9.gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir undir nafni hans með öðrum reikningum Öldrunarráðs Íslands.

Reykjavík, 15. október 1992

Stjórn Öldrunarráðs Íslands



Öldrunarráð Íslands  
Ársreikningur 2017

# Efnisyfirlit

---

Áritun stjórnar og skoðunarmanna .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymisyfirlit .....	6
Skýringar .....	7
Efnahagsreikningur Rannsóknarsjóðs Öldrunarráðs Íslands .....	8


## Skýrsla og áritun stjórnar


Markmið Öldrunarráðs Íslands er að bæta lífsaðstöðu aldraða.


Hagnaður varð af rekstri ráðsins á árinu 2017 að fjárhæð 294 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikning. Höfuðstóll ráðsins nam í árslok 5.423 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017, ásamt efnahagsreikningi fyrir Rannsóknarsjóð Öldrunarráðs Íslands, og staðfest þá með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.


Reykjavík, 14. maí 2018


  
Anna Birna Jensdóttir, formaður


  
Sigrún Ingvarsdóttir, gjaldkeri


  
Ragnhildur G. Hjartardóttir, ritari

  
Fanney Friðriksdóttir, meðstjórnandi

  
Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, varaformaður

  
Ingibjörg Þórisdóttir, meðstjórnandi


  
Haukur Ingibergsson, meðstjórnandi

  
Janus Guðlaugsson, meðstjórnandi

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaður skoðunarmenn Öldrunarráðs Íslands höfum yfirfarið ársreiknings ráðsins fyrir árið 2017 án athugasemda.

Reykjavík, 14. maí 2018

  
Stefán Ólafsson

  
Linda Baldursdóttir



## Rekstrarreikningur

	2017	2016
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld.....	923.200	994.100
Páttaka vegna funda og ráðstefna.....	125.000	202.500
Vaxtatekjur.....	102.581	141.992
Seðilgjöld.....	6.961	6.165
Aðrar óreglulegar tekjur.....	0	0
	1.157.742	1.344.757
 <b>Rekstrargjöld</b>		
Auglýsingar.....	449.088	241.659
Heimasíða.....	62.484	70.375
Banka- og þjónustukostnaður.....	25.089	9.013
Fjármagnstekjuskattur.....	28.386	28.386
Fundir og ráðstefnur.....	267.660	532.940
Styrkir.....	0	0
Annar kostnaður.....	30.800	35.000
	863.507	917.373
 <b>(Tap) Hagnaður ársins.....</b>	294.235	427.384

## Efnahagsreikningur 31.12.2017

### Eignir

	Skýr.	2017	2016
Ógreidd félags- og ráðstefnugjöld.....	4	281.384	305.183
Handbært fé.....	5	5.141.909	5.073.875
<b>Eignir samtals</b>		<u>5.423.293</u>	<u>5.379.058</u>

### Eigið fé og skuldir

Höfuðstóll frá fyrra ári.....		5.379.058	5.121.674
Framlag í Rannsóknarsjóð.....	(	350.000)	( 170.000)
Afkoma ársins.....		294.235	427.384
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>5.323.293</u>	<u>5.379.058</u>
Aðrar skammtímaskuldir.....	6	100.000	0
<b>Skuldir samtals</b>		<u>100.000</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>5.423.293</u>	<u>5.379.058</u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Tap) Hagnaður ársins.....		294.235	427.384
Veltufé til rekstrar		294.235	427.384
<b>Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:</b>			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		23.799	410.537
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....		100.000	0
<b>Breytingar rekstartengdra eigna og skulda</b>		<u>123.799</u>	<u>410.537</u>
Handbært fé til rekstrar		418.034	837.921
Framlag í Rannsóknarsjóð	(	350.000)	( 170.000)
Lækkun á handbæru fé .....		<u>68.034</u>	<u>667.921</u>
Handbært fé í ársbyrjun .....		5.073.875	4.405.954
Handbært fé í lok árs .....		<u>5.141.909</u>	<u>5.073.875</u>

# Skýringar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Aðrar óreglulegar tekjur  
Engar.

3. Annar kostnaður  
Vegna viðurkenninga Öldrunarráðs

	2017	2016
4. Ógreidd félags- og ráðstefnugjöld		
Ógreidd félagsgjöld frá árinu 2017.....	46.800	0
Ógreidd félagsgjöld frá árinu 2016.....		62.400
	<u>46.800</u>	<u>62.400</u>
5. Handbært fé		
Bankareikningur 117-05-65355.....	0	0
Bankareikningur 314-26-589.....	1.287.676	1.099.825
Bankareikningur 314-13-300432.....	3.666.993	3.938.745
Bankareikningur 372-13-112206.....	187.240	35.305
	<u>5.141.909</u>	<u>5.073.875</u>
6. Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreiddir reikningar í árslok.....	100.000	0
	<u>100.000</u>	<u>0</u>

# Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands

## Efnahagsreikningur 31.12.2017

### Eignir

	2017	2016
Handbært fé.....	9.698.290	9.754.947
<b>Eignir samtals</b>	<b>9.698.290</b>	<b>9.754.947</b>

### Eigið fé

Höfuðstóll frá fyrra ári.....	9.753.081	9.638.840
Hækkun á framlagi til styrkja.....	350.000	400.000
Vextir.....	244.011	270.133
Fjármagnstekjuskattur.....	( 48.802)	( 54.026)
Styrkveitingar.....	( 600.000)	( 500.000)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>9.698.290</b>	<b>9.754.947</b>